

Alþingi
Erindi nr. P 141/9
komudagur 1. 10. 2012

UMBOÐSMAÐUR BARNA

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. september 2012

Efni: Frumvarp til laga um barnaverndarlög (frestun tilfærslu heimila og stofnana fyrir börn), 65. mál.


Vísað er til tölvupósts frá velferðarnefnd Alþingis, dags. 21. september 2012, þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um ofangreint frumvarp.

Umboðsmaður lýsir yfir vonbrigðum með frumvarpið þar sem lagt er til að tilfærsla á heimilum og stofnunum fyrir börn frá sveitarfélögum til ríkis verði frestað um eitt ár. Umboðsmaður barna hefur miklar áhyggjur af þeim hópi barna sem eru vistuð utan heimilis og telur mikilvægt að jafnræðis sé gætt við þau börn sem þurfa á þessari þjónustu að halda án þess þó að sú þjónusta sem þegar er til staðar skerðist. Telur umboðsmaður mikilvægt að leyst verði úr þeim vandamálum sem fylgja umræddri tilfærslu heimila og stofnana fyrir börn sem fyrst þannig að ekki þurfi að fresta lögfestingu úrræðisins.

Ef til frestunar kemur er mikilvægt að allir þar til bærir aðilar leggist á eitt og setji vinnu við skipulagsbreytingar, svo sem fjármögnun starfseminnar, starfsmannamál og fasteignamál, í forgang í því skyni að breytingin nái fram að ganga sem fyrst og eigi síðar en 1. janúar 2014.

Að lokum vill umboðsmaður barna vekja athygli á þeim vanda og skorti á úrræðum sem börn með áfengis- og vímuefnavanda glíma við, sem og börn með fjölpætt vandamál. Umboðsmanni barna hafa borist ábendingar þess efnis að fyrrnefndur hópur standi mjög illa og úrræði til að bregðast við vanda þeirra fá eða engin. Umboðsmaður barna leggur áherslu á að hugað verði að fullnægjandi úrræðum fyrir þennan hóp barna.

Virðingarfyllst,


Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna